

Nd.

595. Frumvarp til laga

[154. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 og lög nr. 41/1977.

(Eftir eina umr. í Ed., 19. maí.)

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

- a. Framlög sveitarfélaga, sem nema skulu 300 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélags miðað við 1. desember undanfarið ár. Fjárhæð þessi er miðuð við framfærslu-vísitölu 1. janúar 1980 og skal síðan breytast árlega miðað við framfærslu-vísitölu 1. janúar ár hvert.
- b. 0.6% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.
- c. Framlag rikissjóðs samkvæmt ákvörðun í fjárlögum ár hvert, þó eigi lægra en sameiginlegar tekjur samkvæmt a-lið og sem svarar 0.35% af söluvörum landbúnaðarins samkvæmt b-lið.
- d. Vextir af fé sjóðsins.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. laga nr. 51/1972 orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins skv. 8. og 9. gr. laga þessara er fólgin í veitingu styrkja og/eða lána, eftir reglum, sem sjóðsstjórn setur. Stjórn sjóðsins ákveður kjör á lánum þ. m. t. lánstíma, vexti og hvort lán skuli bundin verðtryggingu.

3. gr.

1. gr. laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1981, en 2. gr. öðlast þegar gildi.